

Miðvikudaginn 22. marz 1967.

Nr. 41/1967. **Ákærvaldið**

gegn

Guðmundi Svanholt Björgvinssyni.

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Kærumál. Kröfu um ómerkingu úrskurðar og endurupptöku máls hrundið.

Dómur Hæstaréttar.

Jón Eysteinnsson, fulltrúi bæjarfógetans í Kópavogi, hefur kveðið upp hinn kærða úrskurð.

Með kæru 27. febrúar 1967, er hingað barst 6. þ. m., hefur ákærði, Guðmundur Svanholt Björgvinsson, samkvæmt 9. og 10. tl. 172. gr. laga nr. 82/1961 skotið hinum kærða úrskurði til Hæstaréttar og krafizt þess, að úrskurðurinn verði „úr gildi felldur og að dómara verði talið skylt að taka mál þetta upp af nýju frá 8. nóvember 1966“. Þá hefur ákærði krafizt kærumálskostnaðar.

Hinn 10. júlí 1965 kærðu tveir lögreglumenn ákærða fyrir að hafa þann sama dag selt nafngreindum manni eina flösku af áfengi fyrir kr. 400.00. Að lokinni venjulegri frumrannsókn var málið sent til saksóknara ríkisins, sem gaf út ákæruskjal á hendur ákærða 20. apríl 1966. Var verknaður ákærða þar talinn varða við 18. gr., sbr. 39. gr. laga nr. 58/1954. Þá var krafizt upptöku ólöglegs ágóða, kr. 400.00, samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Málið var rekið fyrir sakadómi Kópavogs, og hinn 13. júlí 1966 var ákærða að ósk hans skipaður verjandi. Á dómþingi 4. júlí s. á. krafðist verjandi ákærða þess aðallega, „að máli þessu verði vísað frá, en til vara, að málinu verði frestað eftir ákvörðun dómara, svo að ákærvaldinu verði gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna í sambandi við kröfur þær, sem gerðar eru á hendur“ ákærða. Héraðsdómari sendi saksóknara ríkisins málið til umsagnar 26. september 1966. Svar

saksóknara ríkisins er dagsett 3. október s. á. Héraðsdómarinn tók málið fyrir í sakadómi Kópavogs 8. nóvember 1966, lagði þá fram bréf saksóknara ríkisins og kvað upp úrskurð í málinu, þar sem frávísunarkröfu ákærða var hrundið. Úrskurðurinn var birtur fyrir verjanda ákærða 27. febrúar 1967.

Ákærði telur, að fella beri hinn kærða úrskurð úr gildi, þar sem hvorki honum né verjanda hans hafi verið gefinn kostur á að kynna sér framangreint bréf saksóknara ríkisins né sækja nefnt þinghald.

Héraðsdómara var að vísu rétt að kynna verjanda ákærða efni bréfs saksóknara ríkisins frá 3. október 1966, sbr. 1. mgr. 87. gr. laga nr. 82/1961. Þar sem hins vegar bréf þetta skiptir ekki efnislega máli um málssóknina á hendur ákærða, er ekki ástæða til að ómerkja hinn kærða úrskurð af þeim sökum. Verður því krafa ákærða ekki til greina tekin.

Kærumálskostnaður verður ekki dæmdur í þessum þætti málsins.

Dómsorð:

Krafa ákærða, Guðmundar Svanholts Björgvinssonar, um ómerkingu hins kærða úrskurðar er ekki tekin til greina.

Úrskurður sakadóms Kópavogs 27. febrúar 1967.

Mál þetta er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæruskjali, útgefnu 20. apríl s.l., á hendur Guðmundi Svanholt Björgvinsyni leigubifreiðarstjóra, Ásbraut 19, Kópavogi, fyrir að hafa laugardaginn 10. júlí 1965 selt Gunnari Árnasyni bifreiðarstjóra, Klöpp í Blesugróf í Reykjavík, eina flösku af áfengi (brennivíni) fyrir krónur 400.00, en sala þessi fór fram í bifreið ákærða.

Telst þetta varða við 18. gr., sbr. 39. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til upptöku ólöglegs ágóða að upphæð kr. 400.00 samkvæmt 3. tl. 1. mgr. 69. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 6. febrúar 1928 í Krossavík í Þistilfirði, N.-Þing., hefur sætt kærum og refsingum, sem hér segir:

- 1948 29/11 í Reykjavík: Áminning fyrir ólöglegt bifreiðarstæði.
 1950 3/3 í Reykjavík: Áminning fyrir brot á 7. gr. umferðarlaga.
 1958 8/8 í Kópavogi: Áminning fyrir brot á 27. gr. bifreiðalaga.
 1960 4/10 í Kópavogi: Sátt, 100 kr. sekt fyrir umferðarlagabrot.
 1962 13/7 í Kópavogi: Áminning fyrir rangstöðu bifreiðar.

Málavextir eru þessir: Laugardaginn 10. júlí 1965 kl. 2335 voru tveir lögregluþjónar í eftirliti við „plan“ B. B. S. Veittu þeir þá athygli manni, sem kom þar að og hafði tal af nokkrum öku-mönnum þar á stöðinni. Grunaði lögregluþjónana, að maður þessi væri að fala áfengi frekar en akstur og fylgdust því með honum, er hann fór af stöðinni og gerðist farþegi í leigubifreiðinni R 6305 L. Var þeirri bifreið síðan ekið beinustu leið að veitinga-húsinu Röðli. Þar yfirgaf framangreindur maður bifreiðina R 6305 L og fór yfir í bifreiðina R 2171 L, en þar var annar maður farþegi fyrir. Var þeirri bifreið nú ekið að stöð B. B. S. við Stór-holt. Fór þá sami maður út úr bifreiðinni R 2171 L og gerðist nú farþegi í bifreiðinni Y 120 L, sem síðan var ekið um götur í Reykjavík, en að lokum upp í Skipholt, þar sem lögreglumaður sá, sem elt hafði bifreiðina, stöðvaði bifreiðina. Kom þar síðan að hinn lögreglumaðurinn, nr. 83, sem gætt hafði bifreiðarinnar R 2171 L, meðan lögreglumaðurinn nr. 36 elti Y 120 L. Lögreglu-þjónn nr. 36 kvaðst hafa séð, að farþeginn í Y 120 L lét einhvern hlut inn undir klæði sín, er bifreiðinni var ekið af Skipholti niður á Laugaveg. Voru nú farþegar og ökumenn bifreiðanna færðir á lögreglustöðina til yfirheyrzlu. Farþegi sá, sem var í Y 120 L, reyndist vera með áfengisflösku innan klæða og viðurkenndi að hafa keypt hana af ökumanni Y 120 L, sem reyndist vera ákærði í máli þessu. Farþegi þessi kvaðst heita Gunnar Árnason, Klöpp, Blesugróf. Farþeginn, sem beið í R 2171 L, kvaðst heita Þór Gunnlaugsson, Ránargötu 35 A. Lýsti Gunnar því yfir, að hann hefði keypt áfengi af ákærða, eina flösku af brennivíni fyrir kr. 400.00. Þór lýsti því yfir, að Gunnar hefði ekki verið með áfengi meðferðis, er Gunnar fór í bifreiðina Y 120 L.

Ákærði, sem var ökumaður Y 120 L, neitaði að hafa selt Gunn-ari áfengi og lýsti því yfir, að farþeginn hefði ekki beðið um áfengi, heldur aðeins sagt ákærða að aka um og sagt til, þegar breyta skyldi akstursstefnu. Ákærði kvaðst hafa gleymt að setja gjaldmæli í gang, en hann var ekki í gangi, er lögreglumenn-irnir komu að bifreiðinni Y 120 L.

Vitnið Gunnar Árnason leigubifreiðarstjóri kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 28. janúar 1966. Vitnið skýrði þar svo frá, að það hefði verið í leigubifreið frá Bifreiðastöðinni Bæjarleiðum ásamt Þór Gunnlaugssyni og hefðu þeir ekið að bílasíma Borgarbílastöðvarinnar við Stórholt. Þar hefði vitnið yfirgefið bifreiðina og tekið bifreið, sem stóð við bílasímann, í þeim tilgangi að kaupa áfengi. Vitnið kvaðst hafa ekið með þeirri bifreið um nágrennið og síðan áleiðis að bílasímanum, en á þeirri leið hafi þeir verið stöðvaðir af lögreglunni, sem færði þá á lögreglustöðina.

Vitnið kvaðst hafa keypt flösku af brennivíni af bifreiðarstjóranum í bifreiðinni frá Borgarbílastöðinni. Kveðst vitnið hafa greitt flöskuna með 500 króna seðli og fengið 100 krónur til baka. Vitnið kvað ökumann bifreiðarinnar ekki hafa sett gjaldmælinn í gang og kvaðst ekkert áfengi hafa haft meðferðis, er það kom í bifreiðina.

Vitnið var látið lesa það, sem eftir því var haft á skýrslu lögreglunnar, og kvað rétt eftir sér haft þar.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið Þór Gunnlaugsson lögregluþjónn, fæddur 14. desember 1946 í Reykjavík, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 24. febrúar 1966.

Vitnið vann eið að framburði sínum.

Vitnið kvaðst hafa verið farþegi í leigubifreið ásamt Gunnari Árnasyni. Sagði vitnið, að þeir Gunnar hefðu ekki haft neitt áfengi meðferðis, en hefðu haft hug á að afla þess. Leigubifreiðarstjóri sá, er þeir óku með, hafði ekkert áfengi átt og hefðu þeir því tekið aðra bifreið á leigu við Röðul og ekið í henni að bílasíma við Stórholt. Þar hefði Gunnar farið úr bifreiðinni og í aðra bifreið í þeim tilgangi að kaupa áfengi, en vitnið beið á meðan í bifreiðinni, sem þeir félagar tóku við Röðul.

Bifreið sú, sem Gunnar fór í, hafi verið Opel-bifreið, svört að lit. Vitnið sagði, að þegar Gunnar kom aftur með bifreiðinni, hefði hún verið stöðvuð af lögreglunni. Fóru síðan vitnið og Gunnar í leigubifreiðinni, sem vitnið var í, niður á lögreglustöð. Vitnið sagði, að Gunnar hefði sagt því, að hann hefði fengið flöskuna keypta, en lögreglan hefði tekið hana.

Vitnið fullyrti, að Gunnar hefði ekkert áfengi haft meðferðis, þegar Gunnar tók leigubifreiðina við bílasímann.

Vitninu var síðan kynnt lögregluskýrslan og kvaðst kannast við nafnritun sína á henni og ummæli sín, sem þar eru tilgreind.

Vitnið Ragnar Guðmundur Bergsveinsson lögregluvarðstjóri, 43 ára að aldri, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur 28. marz 1966.

Vitnið mundi eftir atviki því, sem áður er greint.

Vitnið minntist þess, að þeir lögregluþjónarnir voru að elta leigubifreið, sem a. m. k. tveir farþegar voru í. Vitnið taldi, að þeir hefðu verið að elta bifreiðina, vegna þess að þeir hafi álitnið, að farþegarnir væru að leita fyrir sér um áfengiskaup. Vitnið sagði, að þeir hefðu elt bifreiðina, þar til hún stöðvaðist við bílasíma B. B. S. við Stórholt. Þar hefði farþegi farið úr bifreiðinni og tekið aðra bifreið, sem stóð við bílasímann, og ekið með henni um nágrennið og hafi vitnið elt bifreiðina á bifreið þeirri, sem lögreglumennirnir voru í, en hinn lögregluþjónninn, félagi vitnisins, hefði orðið eftir við bílasímann.

Vitnið fylgdi síðan bifreiðinni eftir allan tímann, sem farþeginn var í henni, og stöðvaði síðan bifreiðina, þegar hún kom til baka, og hafði tal af farþeganum, en hann hafði meðferðis áfengisflösku, sem hann kvaðst hafa keypt í bifreiðinni. Vitnið mundi ekki nákvæmlega, af hvaða ástæðu það dró þá ályktun, að um vinsölu væri að ræða, en fullyrti, að sú hafi verið ástæðan til þess, að þeir stöðvuðu bifreiðina. Vitnið kvaðst ekki muna frekar eftir máli þessu.

Vitninu var kynnt skýrsla þess, þ. e. a. s. lögregluskýrsla, og kvað hana rétta og kvaðst engu hafa við hana að bæta. Síðan vann vitnið eið að framburði sínum.

Vitnið Héðinn Skúlason rannsóknarlögreglumaður, 36 ára að aldri, kom fyrir sakadóm Reykjavíkur sama dag og vitnið Ragnar.

Mundi vitni þetta mjög óljóst til atvika, en mundi þó, að bifreiðin Y 120 L hefði tekið farþega úr annarri bifreið við bílasíma B. B. S. við Stórholt og hefði farþeginn farið með Y 120 L, sem hefði ekið á brott, en komið eftir stutta stund aftur. Kvaðst vitnið hafa orðið eftir á gatnamótunum við Skipholt, en félagi vitnisins hefði elt leigubifreiðina.

Taldi vitnið sig ekki muna frekar um málið, þannig að á því væri byggjandi, enda væri hætt við, að það ruglaði saman atburðum úr öðrum málum, sem vitnið hefði verið viðriðið.

Síðan var vitninu kynnt lögregluskýrslan, og hafði það ekkert við hana að athuga.

Ákærði kom fyrir sakadóm Kópavogs laugardaginn 2. október 1965.

Ákærði skýrði þá svo frá, að bifreið hans hefði staðið við bif-

reiðastæði Borgarbílastöðvarinnar, þegar Gunnar Árnason hefði komið þar að og beðið um far. Kvaðst ákærði fyrst hafa veitt Gunnari athygli, er hann kom gangandi um gatnamót Einholts og Meðalholts. Ákærði kvaðst síðan hafa ekið honum um götur eftir bendingu hans, en hann hefði ekki nefnt neinn ákveðinn stað. Ákærði sagði, að engin kaup hefðu átt sér stað milli þeirra og kvað Gunnar eigi hafa farið fram á, að honum yrði selt áfengi. Ákærði kvaðst hafa orðið var við það, þegar þeir voru að koma niður á Suðurlandsbraut, að Gunnar tók upp flösku og saup á.

Var nú ákærða birt lögregluskýrslan og kvað hann það ekki rétt, að farþeginn hefði komið úr bifreiðinni R 2171 L og kvaðst ekkert hafa orðið var við þá bifreið, fyrr en hún kom þar að, er lögreglan hafði stöðvað ákærða. Ákærði kvað Gunnar hafa geymt flöskuna, sem hann var með, innan klæða og tók fram, að hann hefði einungis einu sinni sopið á flöskunni.

Ákærði kom fyrir dóm til ákærubirtingar 10. júní 1966 og endurtók þá fyrri yfirlýsingar sínar um það, að hann hefði ekki selt Gunnari Árnasyni áfengisflösku greint sinn. Fékk ákærði þá frest til að athuga um varnir í málinu, og var málið síðan tekið fyrir að nýju 16. júní s.l., og óskaði ákærði þá eftir því, að Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður yrði skipaður verjandi sinn í málinu, og var það gert. Málið var síðan tekið fyrir 4. júlí s.l., og mætti þá verjandi ákærða, Sigurgeir Sigurjónsson hæstaréttarlögmaður, og krafðist þess aðallega, að málinu yrði vísað frá, þar sem ekki væri mætt í málinu af hálfu ákæruvaldsins, en til vara krafðist verjandi þess, að málinu yrði frestað, „svo að ákæruvaldinu verði gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna í sambandi við kröfur þær, sem gerðar eru á hendur skjólstæðing mínum“. Einnig krafðist verjandi skýringa á ákærunni.

Var nú málið sent saksóknara til umsagnar skv. 2. mgr. 124. gr. laga nr. 82/1961.

Umsögn saksóknara barst með bréfi, dagsettu 3. október 1966, og krafðist saksóknari þess, að frávísunarkröfunni yrði hrundið.

Vitnar saksóknari í því sambandi til 130. gr. laga nr. 82/1961 og segir, að lög um meðferð opinberra mála geri ekki ráð fyrir því, að skylt sé að mæta í dómþingum af hálfu ákæruvaldsins umfram þau tilvik, sem 130. gr. laganna beinlínis býður eða leggur á vald saksóknara að ákveða.

Einnig heldur saksóknari því fram, að hvað skýringar á ákær-

unni snertir, þá sé verjanda í lófa lagið í vörn sinni að benda á allar misfellur, sem hann telur vera á ákærinni og leita úrlausnar dómsins um þau atriði við efnisflutning málsins.

Eins og skýrt kemur fram í lögum um meðferð opinberra mála nr. 82/1961, XV. kafla, er það aðalregla þeirra laga, að eigi sé skylt af ákærvaldsins hálfu að mæta í dómþingum fyrir héraðsdómi nema í þeim tilvikum, sem 130. gr. nefndra laga mælir fyrir um eða leggur á vald saksóknara að ákveða. Þá er krafa verjanda um frávísun vegna þessa órökstudd með öllu. Ber því að hrinda framkominni frávísunarkröfu verjanda ákærða vegna þessa atriðis.

Einnig ber að hrinda þeirri kröfu verjanda, að málinu verði frestað til þess, að ákærvaldinu verði gefinn kostur á að gæta hagsmuna sinna í sambandi við kröfur þær, sem gerðar eru á hendur ákærða, á sömu forsendum og vegna þess, að ákærvaldið hefur þegar tjáð sig um sakaratriði. Kröfu verjanda ákærða um skýringar á ákærinni er einnig hafnað og fallt á þann rökstuðning saksóknara, að verjandi geti í skriflegri vörn sinni bent á allar misfellur, sem hann telur vera á ákærinni, og leitað úrlausnar dómsins um þau atriði við efnisflutning málsins.

Úrskurður:

Framangreindum kröfum verjanda ákærða er hrundið.

Mánudaginn 3. apríl 1967.

Nr. 11/1967. **Halldór Jósefsson**
 gegn
Sigþóri Sigurðssyni.

Útivistardómur.

Dómur Hæstaréttar.

Málssókn þessi fellur niður.

Afrýjandi, Halldór Sigurðsson, er eigi sækir dómþing í máli þessu, greiði kr. 400.00 útivistargjald til ríkissjóðs, ef hann vill fá mál sitt tekið fyrir af nýju.